

109 stjórnarfundur LSE. Haldinn í Bændahöllinni mánudaginn 12. september 2016

Mætt voru Jóhann Gísli Jóhannsson formaður, Hraundís Guðmundsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinsson, María E. Ingvadóttir, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir.

Formaður bauð fundargesti velkomna og gekk svo til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagur LSE 2016. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsstöðu fram að áramótum. Staðan er knöpp og til að loka árinu þurfa félögin að greiða félagsgjöld fyrir árið 2016 fyrir áramót. Ársreikningur 2015 lagður fram til undirritunar.
2. Drög að samning við ANR og greinagerð vegna fjárframlaga til LSE í gegnum Búnaðarlagasamning lögð fram til kynningar. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna að málinu áfram í samvinnu við skógræktina.
3. Umhverfissvænni landbúnaður, verkefni með BÍ og UAR, kynning. LSE á fulltrúa í starfshópi um loftlagsvænni landbúnað. Búið er að halda nokkra fundi og verið er að safna gögnum um helstu losunarþætti landbúnaðar ásamt lykiltölum um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda sem er forsenda þess að hægt sé að leggja til raunhæfar leiðir til að draga úr losun frá landbúnaði. Ýmsar leiðir verða skoðaðar meðal annars hvort skilar meiri ávinningi að rækta skóg í samanburði við að fylla í skurði.
4. Aðalfundur SÍ. Framkvæmdastjóri fór sem fulltrúi LSE á aðalfund SÍ sem haldinn á á Djúpavogi.
5. Aðalfundur LSE:
 - a. Dagskrá aðalfundar lögð fram. Dagskráin verður senda í netpósti í samræmi við lög samtakanna og í bréfpósti til þeirra sem ekki hafa netföng.
 - b. Fundarritari. Samþykkt var að semja við Freyju Gunnarsdóttir að rita fundargerð aðalfundar líkt og undanfarin ár. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samkomulagi við Freyju.
 - c. Boðskort: Listi yfir boðsgesti lagður fram til kynningar. Stjórn LSE samþykkir listann og boðskortin fara í póst eigi síðar en 13. sept.
 - d. Skráning: Listi yfir skráningu á aðalfundinn lagður fram til kynningar, Félögin hvött til að ýta á félagana að skrá sig sem fyrst á fundinn.
 - e. Tillögur fyrir aðalfund: Þau félög sem ætla að senda inn tillögu fyrir aðalfund eru hvött til að senda þær á framkvæmdastjóra tímanlega. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu með stjórnnum aðildarfélaganna.

Tillögur frá stjórn varðandi félagsgjöld til LSE 2017, aukið fjármagn til skógræktar, og fl. Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að tillögum og senda á stjórn
 - f. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 lögð fram til kynningar. Samþykkt að fjárhagsáætlunin verði lögð fram á aðalfundi LSE.

- g. Félagsgjald til LSE. Stjórn LSE leggur til óbreytt félagsgjöld fyrir árið 2017.
 - h. Styrkur til FsA: LSE hefur styrkt það aðildarfélag sem heldur utan um aðalfund samtakanna. Síðastliðin fimm ár hefur styrkurinn verið 300. þús. Stjórnin samþykkir að hækka styrkinn upp í 400 þúsund krónur.
 - i. Aðalstjórn, varastjórn og skoðunarmenn: Kosið er á hverju ári í aðal og varastjórn LSE auk skoðunarmanna. Aðildarfélögin tilnefna fulltrúa í stjórn, allir félagsmenn eru þó í kjöri.
6. Átaksverkefni í sölu og markaðssetningu á jólatrjám, kynning. Hugmyndin er að móta áætlun til 10 ára um að markaðssetja STAFAFURU sem íslenska jólatréð. Vinnan er á frumstigi. Samþykkt að vinna áfram að verkefninu og kynna fyrir samstarfsaðilum og skógarbændum.
7. Endurskoðun skógræktarlaga. Lög um landshlutaverkefni í skógrækt fara inn sem sér kafla í endurskoðuð skógræktarlög. Vaknað hafa spurningar um hvort opna eigi lögin með því að afnema lögbýlistengingu og tala um eignarlönd og hvort opna eigi fyrir fjölbreyttari verkefni sem útfærð yrði í reglugerð s.s jólatrjárækt, beitarskógrækt og fl. Málín rædd og samþykkt að leggja erindið fyrir aðalfund LSE.
8. Gestur fundarins: Sviðsstjóri skógarauðlindasviðs Skógræktarinnar. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sviðsstjóri Skógarauðlindasviðs fór yfir fyrirkomulag og vinnuferla nýrrar stofnunar gagnvart skógrækt á bújörðum og skógarbændum.
9. Önnur mál:

Rætt var um hvort halda eigi föstum stjórnarlaunum óbreyttum en greiða dagpeninga fyrir stjórnarfundi sem ekki væri hægt að sinna í gegnum síma. Stjórnarlaunin dekkdu símafundi og lestur ganga og undirbúning fyrir fundi. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið nánar og móta tillögu fyrir aðalfund.

Bréf sem hafa borist. Bréf barst frá BÍ varðandi boðaðar niðurfellingar á búnaðargjaldi um næstu áramót og innleiðingu á veltutengdu félagsgjaldi til bænda. Félagsgjaldinu er ætlað að koma í stað tekna af búnaðargjaldi til að fjármagna hagsmunagæslu samtakanna. Framkvæmdastjóra falið að kynna sér málið frekar og uppfræða stjórn.

Ekki fleira gert og fundi slitið